

## **Opnunarathöfn Tæknifræðisetsurs Háskóla Íslands í Menntasetrinu við Lækinn, Hafnarfirði, þriðjudaginn 27. nóvember kl. 15.**

Kæru gestir,

Það er mér mikið ánægjuefni að vera hér með ykkur við formlega opnun Tæknifræðisetsurs Háskóla Íslands í Menntasetrinu við Lækinn.

Atvinnulífið á Íslandi kallar stöðugt eftir fleiri tæknimenntuðum einstaklingum um leið og gerð er krafa um fjölbreyttara námsframboð í tæknigreinum. Tæknifræðisetur Háskóla Íslands svarar þessu kalli með þróun núverandi náms í tæknifræði auk þess að bjóða upp á nýtt fagháskólanám í tæknigreinum sem ráðgert er að hefjist næsta ári. En þá verða 10 ár frá því Háskóli Íslands kom á fót á tæknifræðinámi á vettvangi Keilis. Eftir því sem námið hefur eflst og þróast má segja að það hafi sprengt utan af sér það húsnæði sem það var í að Ásbrú ásamt því að önnur starfsemi Keilis kallaði á að tæknifræðin myndi sér nýjan vettvang. Nú í haust fluttist því tæknifræðinámið hingað. Er það mikilvægur liður í eflingu náms í tæknifræði og ekki síður mikilvægur þáttur í undirbúningi nýs fagháskólanáms í tæknigreinum.

Ég vil þakka Hafnarfjarðarbæ fyrir gott samstarf og sérstaklega Rósu Guðbjartsdóttur, bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar, fyrir að taka erindi okkar vel og hennar fólki fyrir að bregðast hratt við sl. sumar. Það er vel við hæfi að finna þessari mikilvægu háskólagrein, tæknifræðinni, stað í þessa rótgróna skólahúsi sem á sér sögu allt aftur til þriðja áratugar síðustu aldar en húsið hýsti áður Lækjaskóla. Gaman er að segja frá því að arkitekt þessa glæsilega húss er Guðjón Samúelsson en hann er auðvitað jafnframt arkitekt Aðalbyggingar Háskóla Íslands.

Nú um áramótin flyst rekstur tæknifræðinámsins alfarið yfir til Háskóla Íslands en frá upphafi hefur fagleg ábyrgð á náminu verið á höndum Háskóla Íslands og fagraðs tæknifræðinnar. Með aðilaskiptum að rekstri tæknifræðinámsins munu réttindi og skyldur starfsfólks einingarinnar, samkvæmt ráðningarsamningum þeim sem í gildi eru, flytjast yfir til Háskóla Íslands. Þannig verður starfsfólki tæknifræðinámsins tryggð áfram sömu launakjör og starfsskilyrði, þrátt fyrir aðilaskiptin, líkt og lög gera ráð fyrir.

Um leið og ég þakka Karli Sölva Guðmundssyni, forstöðumanni Tæknifræðisetsurs, fyrir hans miklu vinnu við að undirbúa flutning og starfsemi tæknifræðinnar í nýju húsnæði, vil ég þakka samstarfsfólki hans og öðrum kennurum tæknifræðinnar fyrir þeirra miklu og góðu vinnu. Ég

óska þess að nemendum og starfsfólki Tæknifræðisetursins eigi eftir að líða vel og ganga vel í störfum sínum í þessu húsnæði og að tæknifræðin sem námsgrein vaxi og dafni íslensku samfélagi og atvinnulífi til heilla.

Kærar þakkir.